

## SAMÞYKKT um sorphirðu í Dalabyggð.

### 1. gr.

Dalabyggð annast sorphirðu í sveitarfélaginu samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar og fer sorphirðan fram undir yfirstjórn hreppsnefndar og er háð eftirliti heilbrigðisfulltrúa. Hreppsnefnd getur falið verktökum að annast sorphirðu og samþykkt starfsemi verktaka sem bjóða fram sjálfstæða þjónustu á þessu sviði.

### 2. gr.

Sérhverjum eiganda eða umráðamanni íbúðarhúsnæðis í þéttbýli er skylt að nota þær aðferðir og þau ílát við sorpgeymslu og hreinsun sem hreppsnefnd ákveður í samræmi við lög og reglur þar að lútandi.

Sorpið skal sett í sorppoka, sem Dalabyggð lætur í té, í þar til gerð sorpílát. Húsráðendur skulu kosta uppsetningu og viðhald sorpgeymsluílata sinna.

Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphirðumenn og húsráðendur skulu heinsa snjó frá sorpgeymslum á vetrum og halda greiðfærri leið að þeim, svo auðvelt sé að framkvæma hreinsun.

### 3. gr.

Ábúendur lögbýla, íbúðarhafar utan þéttbýlis, eigendur sumarbústaða og hjólhýsa, sem notuð eru sem sumarbústaðir og fyrirtæki skulu sjálfir sjá um að koma sorpi í gáma, sem Dalabyggð tekur á leigu og sér um að losa eftir þörfum.

Fyrirtækjum og einstaklingum er heimilt að eiga eða leigja sorpílát og láta verktaka, sem hreppsnefnd samþykkir, annast sorphirðu og eyðingu úr þeim.

### 4. gr.

Í sorpílátin má setja allan venjulegan neysluúrgang (heimilissorp), s.s. matarleifar, umbúðir, fatnað, blöð og pappír. Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum sem hætta er á að skeri eða rífi pokana skal pakka inn og ganga frá á tryggilegan hátt.

Óheimilt er að setja í sorpílát mold, mól, grjót, byggingarúrgang, gróður o.þ.h.

Óheimilt er að setja spilliefni (umhverfismengandi úrgang) í sorpílát.

Sorppokar mega ekki vera þyngri en svo að auðvelt sé að meðhöndla þá og ekki sé hætta á að þeir rifni. Gæta skal þess að fylla sorppoka ekki meira en svo að auðveldlega megi loka þeim.

## 5. gr.

Sorphreinsun í þéttbýli fer að jafnaði fram á virkum degi einu sinni í viku. Allt það sorp sem ekki verður látið í poka eða hreinsa þarf örar en samþykkt þessi gerir ráð fyrir skulu hlutaðeigendur annast sjálfir á eigin kostnað sé ekki um annað samið.

## 6. gr.

Brotamál (t.d. bílhrað), byggingarúrgang og garðaúrgang skal flytja á afmarkað svæði í samræmi við fyrirmæli hreppsnefndar og samþykki heilbrigðisfulltrúa.

## 7. gr.

Almenn sorphirða samkvæmt 2. gr. greiðist af sveitarsjóði. Þó skal sveitarstjórn heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald samkvæmt gjaldskrá sem umhverfisráðherra staðfestir. Sorphirðugjald skal lagt á hverja þá fasteign sem nýtur framangreindrar þjónustu og skal gjaldið miðast við stærð og fjölda íláta (einingar).

Sveitarstjórn er heimilt að leggja á sorphirðugjald vegna móttöku og eyðingar á sorpi samkvæmt gjaldskrá sem umhverfisráðherra staðfestir. Sorphirðugjald skal lagt á og innheimt með fasteignagjöldum ár hvert.

## 8. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðu, skal hann koma slíkri kvörtun til sveitarstjórnar eða heilbrigðisfulltrúa.

## 9. gr.

Brjótí húsráðandi ákvæði þessarar samþykktar um meðferð og geymslu sorps skulu sorphirðumenn tilkynna það sveitarstjórn eða heilbrigðisfulltrúa, sem hlutast þá til að úr verði bætt.

Sorphirðumönnum er óheimilt að hnýsast í sorppoka eða hirða úr þeim.

## 10. gr.

Með brot á þessari samþykkt skal farið samkvæmt ákvæðum 32. og 33. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

## 11. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Dalabyggðar er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast gildi þegar í stað.

*Umhverfisráðuneytið, 13. mars 1995.*

F. h. r.  
**Ingimar Sigurðsson.**

---

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*